

Vegagerðin  
Borgartúni 5-7  
105 Reykjavík

Hornafirði, 23. september 2021  
nr. erindis 202108071 BB

### **Málefni: Framkvæmdaleyfi**

#### **Staðsetning framkvæmdar:**

Við árfarveg Kolgrímu fyrir neðan brú og hringveg á mótis við flóðvarnargarð sem er austan ár.

#### **Umfang framkvæmdar:**

Efnið skal tekið í u m 1,0-1,5 m. lagþykkt á um 1.1750-2.000 m<sup>2</sup> háð efnisþörf.

#### **Samantekt yfir lýsingu og frágangi framkvæmdar:**

Gert er ráð fyrir að haugsetja efnið norðaustan við efnistökusvæðið. Ekki verður mokað upp rennandi vanti Kolgrímu. Efnið verður þvegið við vinnsluna. Skolvatn vegna þvottar verður hreinsað með því að veita 3-4 settjarnir þar sem fínefni setjast til áður en vatninu er veitt út í farveg Kolgrímu.

Í verklok verða haugar og bakkar á áreyrum vegna efnistökkunnar jafnaðir út þannig að efnistökusvæðið falli sem best að landinu. Áætlun verklok eru fyrir lok ágúst 2021 eða snemma sumars 2022.

#### **Eftirlitsaðili framkvæmdar:**

Umhverfis- og skipulagsstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar fer með eftirlit fyrir hönd sveitarfélagsins en er heimilt að ráða til þess sérstakan eftirlitsaðila.

#### **Skilyrði framkvæmdar:**

- Að framkvæmd sé í samráði við landeigendur og viðhöfð sé góð umgengni um framkvæmdasvæðið.
- Leitast verði við að takmarka framkvæmdasvæði, umferð véla og rask eins og kostur er.
- Umhverfis- og skipulagsstjóri verði upplýstur þegar framkvæmdir hefjast.
- Umhverfis- og skipulagsstjóri verði boðaður á framkvæmdasvæði við lok framkvæmda.
- Að samráð sé haft við leyfisveitanda ef nokkrar breytingar verði á framkvæmdinni.
- Við sáningu í sár við frágang verði notuð fræ í samræmi við staðargróður.

**Framkvæmd þessi skal vera í samræmi við:**

- Framkvæmdaleyfi vegna efnistöku úr Kolgrímu.
- Reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.
- Skipulagslög nr. 123/2010.
- Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030.
- Framlögð gögn vegna framkvæmdaleyfisumsóknar:
  - Ósk um framkvæmdaleyfi ódags.
  - Gögn með umsókn um framkvæmdaleyfi,
    - Umsögn Hafrannsóknarstofnunnar, dags. 23. 06. 2021.
    - Leyfisbréf landeigenda, dags. 217.08.2021.
    - Umsögn Fiskistofu dags. 23.08. 2021.
    - Teikningar af efnistöku,- efnisvinnslu-og haugsvæði.

**Útgáfa framkvæmdaleyfis:**

Framkvæmdaleyfi er gefið út með fyrirvara um að upplýsingar berist um þá hluti sem tilgreindir eru hér að ofan.

Framkvæmdaleyfið er gefið út skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í bæjarstjórn þann 9. september 2021. Framkvæmdin hefur fengið málsmeðferð skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga þar sem hún var kynnt fyrir Vegagerðinni og Minjastofnun sem gera ekki athugasemdir við hana.



Dagsetning samþykktar leyfisveitenda á framkvæmdaleyfi var 9. september 2021 og rennur framkvæmdaleyfið út þann 9. september 2022 sé framkvæmd ekki hafin.

**Vakin er athygli á að framkvæmdaleyfi á að vera til staðar á framkvæmdastað og eftirlitsaðili getur kallað eftir leyfi við eftirlit.**

Einnig er vakin athygli á að framkvæmdaleyfi er kæránlegt til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur til 23. október nk. Ef framkvæmd hefst áður en frestur er útrunninn gerir framkvæmdaaðili það á eigin ábyrgð.

**Gjald fyrir framkvæmdaleyfi er 90.000 kr.**

Virðingarfyllst



Brynja Dögg Ingólfssdóttir  
umhverfis- og skipulagsstjóri  
Sveitarfélagsins Hornafjarðar